

**Forvarnarstefna  
Bláskógabyggðar  
samþykkt 2017**

# Forvarnarstefna Bláskógabyggðar

Forvarnarstefna þessi lýsir vilja Bláskógabyggðar til að stuðla að aukinni hamingju sem og andlegu og líkamlegu heilbrigði fjölskyldna og einstaklinga innan Bláskógabyggðar og að tryggð sé velferð barna og ungmenna í leik og starfi.

Í forvarnarstefnu Bláskógabyggðar eru lögð til grundvallar ákveðin markmið og leitast er við að ná samstarfi við sem flest heimili og stofnanir innan sveitarfélagsins sem koma að uppeldi og fræðslu barna og unglunga. Félög og stofnanir er starfa innan sveitarfélagsins með börnum og unglungum eru hvött til að móta sér forvarnarstefnu með þessi markmið að leiðarljósi,

Með forvörnum er átt við víðustu merkingu þess orðs og áhersla lögð á uppbyggjandi lífsstíl barna og unglunga, aukna sjálfsvirðingu, sterka framtíðarsýn, heilbriggt lífverni, kjark til að velja og styrk til að hafna vímuefnum. Einnig að vinna gegn hvers kyns fordómum t.d. gagnvart kyni, kynhneigð, trúarbrögðum, þjóðerni og aldri. Með forvörnum er einnig lögð áhersla á að upplýsa börn og unglunga um mikilvæg atriði þess að draga úr slysum og vara þau við hvers konar hættum.

Foreldrar eru í lykilhlutverki þegar kemur að uppeldi barna og ábyrgðin er fyrst og fremst þeirra. Æskulýðsnefnd/Bláskógabyggð vill einnig skora á alla þá er tengjast börnum og unglungum í gegnum kennslu, þjálfun og önnur störf með börnum og ungmönnum að taka virkan þátt í baráttunni gegn slysum, vímuefnum og öðrum hættum í nútíma samfélagi, þar með talið að þeir sem sjá um sölu á tóbaki og áfengum drykkjum virði lágmarksaldur til kaupa á þessum vörum.

## Markmið forvarnarstefnu

Stofnanir og félagasamtök sem starfa innan sveitarfélagsins setja sér stefnu í forvörnum sem samræmast forvarnarstefnu Bláskógabyggðar. Þar skal koma fram hvernig framkvæmdinni er háttað og yfirmarkmiðum Bláskógabyggðar í forvörnum náð. Yfirmarkmið stefnunnar eru:

Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna og unglunga að gera.

Að stuðla að bættri andlegri, félagslegri og líkamlegri líðan barna og unglunga.

Að draga úr og koma í veg fyrir neyslu ungmenna á hvers konar vímuefnum, s.s. tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum.

Að vekja foreldra, börn og ungmenni til umhusunar um þær hættur og þá ábyrgð sem fylgir tölvunotkun til að draga úr og fyrirbyggja net-, spila- og tölvufíkn.

Að bæta aðbúnað og umhverfi barna og unglunga.

Að auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.

Að forvarnir verði fastur og reglulegur þáttur í starfsemi félaga, fyrirtækja og stofnana sem hafa með málefni barna og unglunga að gera í sveitarfélaginu.

Æskulýðsnefnd hefur yfirumsjón með gerð forvarnarstefnu en hana skal endurskoða á tveggja ára fresti og senda sveitarstjórn til staðfestingar. Að því loknu er hún send til þeirra aðila er taldir eru upp hér fyrir neðan og þeir hvattir til að endurskoða sínar áherslur með forvarnarstefnu sveitarfélagsins í huga.

Eftirtaldir aðilar standa að framkvæmd áætlunarinnar í Bláskógabyggð.

Ungmennafélag Biskupstungna  
Ungmennafélag Laugdæla  
Björgunarsveit Biskupstungna  
Björgunarsveitin Ingunn, Laugarvatni  
Unglingadeildin Greipur  
Hestamannafélagið Logi  
Hestamannafélagið Trausti  
Menntaskólinn að Laugarvatni  
Bláskógaskóli, Laugarvatni  
Bláskógaskóli, Reykholti  
Leikskólinn Álfaborg  
Foreldrafélag Bláskógaskóla Laugarvatni  
Foreldrafélag Bláskógaskóla í Reykholti  
Foreldrafélag Leikskólans Álfaborgar?  
Skálholtsprestakall - Molarnir  
Heilsugæslustöðin Laugarási  
Lögregluumdæmi Árnessýrslu  
Skóla- og velferðarþjónusta Árneshlíða

## **UNGMENNAFÉLAG BISKUPSTUNGNA**

Ungmennafélag Biskupstungna hefur sinnt forvarnarstarfi allt frá stofnun félagsins árið 1908. Margt hefur breyst í tímans rás en alltaf hefur félagið staðið með og unnið eftir einkunnarorðum Ungmennafélagshreyfingarinnar sem eru „ræktun lýðs og lands“.

Starf UMF. Bisk. er að stærstum hluta uppeldisstarf með börnum og unglíngum. Í starfi félagsins þurfa börn og unglíngar að læra að fylgja settum reglum og tileinka sér hollt lífni. Þjálfarar félagsins gegna gríðarlega miklu og mikilvægu hlutverki því þeir eru fyrirmyndir iðkenda í leik og starfi.

### **Markmið félagsins í forvarnarmálum:**

Notkun allra vímuefna og tóbaks er bönnuð í tengslum við æfingar, keppnir, ferðir ofl. þar sem börn og unglíngar koma við sögu.

Þjálfarar félagsins skulu vera iðkendum sínum góð fyrirmynd hvað varðar hollt lífni, reglusemi og framkomu.

Þjálfarar félagsins skulu byggja upp jákvæðan félagsanda og taka tafarlaust á einelti og öðru ofbeldi sem þeir verða varir við í sínu starfi.

Þeir aðilar sem vinna með börnum og unglíngum skulu hvetja og leiðbeina iðkendum félagsins um mikilvægi þess að borða hollan og góðan mat m.a. fyrir og eftir æfingar / leiki.

Félagið stefnir á að halda úti fjölbreyttu og áhugaverðu íþróttastarfi þar sem allir eiga að getað fundið sér eitthvað við hæfi.

Að félagið setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSí.

## **FORVARNARSTEFNA UMFL**

Frá upphafi hafa stjórnendur Ungmennafélags Laugdæla áréttað að hver félagsmaður skuli vera fyrirmynd annarra þá sérstaklega barna sem stunda íþróttir innan félagsins. Stjórnin leitast eftir að hafa skýra afstöðu gegn vímuefnum í tengslum við íþróttastarf og áréttar að neysla vímuefna á ekki samleið með íþróttum og getur haft slæm áhrif á árangur hver svo sem greinin er.

Aukið framboð vímuefnagjafa kallar á aukna fræðslu innan félagsins og er mikilvægt að þjálfarar fræði iðkendur félagsins um skaðsemi þessara efna og sýni gott fordæmi á skemmtunum bæði innan og utan starfs félagsins.

### **Markmið okkar eru:**

Að banna notkun vímuefnagjafa á samkomum sem fram fara á vegum félagsins þar sem börn og unglíngar eru þátttakendur.

Að notkun tóbaks verði stranglega bönnuð í og við íþróttamannvirki Bláskógabyggðar.

Að fyllsta öryggis sé gætt, það er að þjálfarar hafi einhverja kunnáttu í skyndihjálp og aðbúnaður sé eins og best verður á kosið í starfi á vegum félagsins.

Að þjálfarar séu jákvæð fyrirmynd og kenni iðkendum félagsins ábyrgðarfulla hegðun innan sem og utan íþróttastarfs.

Að þjálfarar hafi reynslu/menntun til þess að sinna þjálfun og séu í stakk búnir að bregðast við hinum ýmsu uppkomum í tengslum við starf félagsins.

Að félagið setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSí.

Það er okkar vilji að skila af okkur sterkum, sjálfsöryggum og sjálfstæðum einstaklingum og til þess að ná sem bestum árangri þurfa félög innan Bláskógabyggðar að standa saman ásamt foreldum og skólafyrirvöldum. Eitt af okkar markmiðum er að bjóða upp á íþróttastarf fyrir alla aldurshópa og hafa starf okkar sem fjölbreyttast.

Ungmennafélagsandinn er í hávegum hafður og viljum við stuðla að aukinni almennri þátttöku bæði í íþrótt- og félagsstarfi án sérstakrar áherslu á keppni.

Laugarvatni, 14. desember 2010.

## **BJÖRGUNARSVEITIN BISKUP - BISKUPSTUNGUM**

Í Björgunarsveitina eru allir velkomnir sem vilja stunda þjónustu við samfélagið í gegnum sjálfboðaliðastarfsemi. Við virðum fatnað og merki félagsins og að öll vinna á vegum Björgunarsveitarinnar sé vímuefnalaus.

## **BJÖRGUNARSVEITIN INGUNN**

Á Laugarvatni er starfrækt lítil en öflug björgunarsveit með mikinn metnað. Skráðir félagsmenn eru um 54, þar af eru 33 á útkallskrá.

Sveitin gegnir mikilvægu hlutverki í öflugu neti björgunarsveita um allt land. Hún er með þeim útkallmestu á landinu.

Hlutverk sveitarinnar er tvíþætt, annars vegar að lágmarka það tjón sem hlýst af slysum og óhöppum og hins vegar að koma í veg fyrir slys. Slysavarnirnar felast m.a. í því að gefa yngstu börnum grunnskólans endurskinsmerki til að þau verði sýnilegri í skammdeginu og draga þannig úr hættu á að okkar ungu og óreyndu vegfarendur verði fyrir óhappi í umferðinni. Björgunarsveitin heimsækir einnig elstu bekki grunnskólans og sýnir myndband um meðferð flugelda fyrir áramótin því slys af völdum þeirra gera ekki boð á undan sér séu þeir ekki meðhöndlaðir á réttan hátt.

Árið 2004 var stofnuð unglíngadeild björgunarsveitarinnar Ingunnar og fékk hún nafnið Unglíngadeildin Ingunn. Átti hún sér nokkurn aðdraganda og þegar að stofnuninni varð þá kom áhugi og þátttaka unglínginga á Laugarvatni skemmtilega á óvart. Árið 2006 var stofnuð sameiginleg unglíngadeild með björgunarsveitunum Biskup og Tintron, Unglíngadeildin Greipur, og hefur starfað síðan. Ekki er hægt að lýsa með nógu sterkum orðum þeim jákvæðu áhrifum sem þessi sameining hafði á allt unglíngastarf á starfssvæði þessara björgunarsveita.

Tómstundastarf undir handleiðslu fagaðila hefur ótvírætt forvarnargildi og með tilkomu unglíngadeildarinnar hefur þörfum ákveðins hóps, sem ekki hefur áhuga á öðru tómstundastarfi t.d. íþróttum, verið mætt.

## **UNGLÍNGAÐEILDIN GREIPUR**

Að ekki séu notuð vímuefni í starfi og leik á vegum félagsins, þar sem börn og unglíngar eru þátttakendur.

## **HESTAMANNAFÉLAGIÐ LOGI**

Hestamannafélagið Logi tekur þátt í forvarnarstefnu Bláskógabyggðar. Hestamannafélagið hefur staðið að æskulýðs- og íþróttastarfi í fjölda ára og hefur starfið verið í góðum vexti. Forvarnarstefna hestamannafélagsins tekur til barna og ungmenna til 18 ára aldurs. Í nútímaþjóðfélagi er margt sem glepur, því er mikilvægt að hvetja til heilbrigðs íþrótt- og æskulýðsstarfs og mun félagið leggja sitt af mörkum með sínu starfi.

### **Markmið:**

Áhersla á jákvætt, uppbyggilegt starf, hvort sem um er að ræða hestamennsku sér til ánægju eða standa við og efla hæft íþróttafólk.

Áherslu á að rækta gott samstarf við foreldra um velferð. Með áherslu á samveru fjölskyldunnar í hestamenskunni. Munum að foreldrar gegna lykilhlutverki.

Áhersla á heilbrigða lífshætti í hvívetna.

Leiðir sem Hestamannafélagið Logi hefur í hyggju til að ná þessum markmiðum eru:

Hestamannafélagið Logi vill stuðla að ungliðastarfi sem gefur öllum tækifæri til að vera með og leggur áherslu bæði á grunnatriði og félagslegan þroska, sem og krefjandi starfs sem eflir reiðmennsku og styrkir framfarir. Í keppni leggjum við áherslu á að borin sé virðing fyrir dómurum, samkeppendum, starfsmönnum og skipuleggjendum. Þar hvetjum við foreldra og þjálfara til að vera góð fyrirmynd. Í keppni óskum við eftir að foreldrar verði börnunum sínum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi og sigri hrokalaust.

Hestamannafélagið Logi leggur mikla áherslu á gott samstarf við foreldra þeirra barna og unglunga sem stunda hestamennsku hvort sem um er að ræða æfingar og keppni á vegum félagsins eða annað starf. Þetta samstarf tekur til þátttöku foreldra í æfingum, keppni og öðru starfi á vegum félagsins, ásamt góðu flæði upplýsinga til foreldra. Við hvetjum foreldra til að sýna jákvæðan áhuga og vera hvetjandi varðandi ástundum barna sinna í hestamenskunni. Staðreynd er að slík hvatning er börnunum mikils virði og eykur líkurnar á að þau haldi áfram að stunda hestamennsku sem íþróttagrein eða sér til ánægju.

Hestamannafélagið Logi leggur áherslu á að fræða börn og unglunga um hestinn, þarfir hans og allt sem við kemur keppni, þjálfun og umhirðu hans, ásamt öryggi í hestamennsku. Þá er lögð áhersla á að ungir iðkendur temji sér heilbriggt lífarni s.s. varðandi mataræði, hvíld, svefntíma og aðra þætti sem skili af sér sterkari, sjálfsöruggari einstaklingum. Félagið skal stuðla að fræðslu á sviði forvarna og hafi ekki vímuefni um hönd í starfi eða á samkomum í nafni félagsins þar sem börn og ungmenni eru þátttakendur.

Hestamannafélagið Logi vill leggja áherslu á að stuðla að nýliðun og draga úr brottfalli í hestamenskunni með því að leitast við að vera með ný og spennandi verkefni fyrir börn og unglunga í samstarfi við foreldra.

## **HESTAMANNAFÉLAGIÐ TRAUSTI**

Það er mikilvægt að Hestamannafélagið Trausti sé trúverðugt í fræðslu– og forvarnarstarfi þar sem árangur í íþróttum og áfengis- og tóbaksneysla fer ekki saman. Áfengis- og tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf. Dæmi um það:

Áfengisneysla í tengslum við íþróttakeppni eða æfingar

Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum

Áfengis – og tóbaksauglýsingar á eða við íþróttasvæði Trausta

Afreksfólk í íþróttum er fyrirmynd yngri iðkenda og þarf þess vegna að haga sér í samræmi við það. Afreksfólk þarf að hugsa um siðferði, landslög, skynsemi, gott fordæmi og fleira til þess að fylgja því eftir.

Hestamannafélagið Trausti þarf að skapa aðstæður til þess að öll börn og unglingar geti stundað íþróttir, ekki síst á þeim tímum sem hvað mest hætta er á að þeir leiti í „götuhangs“.

Hestamannafélagið Trausti fræðir iðkendur sína, bæði börn og unglunga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

### **Stefnumótunarreglur Hestamannafélagsins Trausta í vímuefnum:**

#### **1. Forvarnargildi íþróttar**

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuefnum. Rannsóknir sýna að þau börn og ungmenni sem eru virk í íþróttastarfi reiðir betur af í námi og neyta síður vímuefna. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög neikvæð áhrif á árangur í íþróttum. Hestamannafélagið Trausti vill efla enn frekar vímuefnavarnargildi íþróttar með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir.

#### **2. Neysla tóbaks og vímuefna**

Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins, hvort sem þjálfarar, iðkendur eða fararstjórar eiga í hlut.

### 3. Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda

Félagið mun bregðast sérstaklega við allri neyslu tóbaks- og vímuefna iðkenda undir 18 ára aldri og verða foreldrar eða forráðamenn undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu. Þegar um sjálfráða einstaklinga er að ræða (eldri en 18 ára) mun félagið bregðast við neyslu þeirra á vímuefnum og tóbaki þar sem reglur félagsins eru brotnar (sbr. lið 2) og við neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins. Viðurlög Hestamannafélagsins Trausta við brot á þessum reglum verða í formi tilmæla og ábendinga. Við ítrekuð brot getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð félagsins munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

### 4. Hlutverk þjálfara

Þjálfarar skulu vinna eftir forvarnarstefnu félagsins, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt. Félagið mun sjá þjálfurum fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar síðan miðla áfram til iðkenda þegar það á við. Þjálfarar skulu framfylgja stefnu félagsins varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga hjá sveitarfélögunum á starfsvæði félagsins.

### 5. Samstarf við foreldra

Hestamannafélagið Trausti mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum. Félagið mun standa að góðu samstarfi við foreldra iðkenda með fræðslu um neikvæð áhrif áfengis og annarra vímuefna á árangur í íþróttum, auk fræðslu til foreldra um þjálfun og æskilegt mataræði íþróttafólks. Félagið mun starfa náið með fagfólki í vímuvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neyslvandamáli iðkenda undir sjálfræðisaldri.

### 6. Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

Hestamannafélagið Trausti mun hafa náið samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðslufni og hafa samráð um einstaklinga í áhættuhópi.

## **MENNTASKÓLINN AÐ LAUGARVATNI**

### **Fræðsla - Aðhald - Umhyggja**

#### **Markmið:**

Skólinn vill stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn hverskyns sjáfseyðandi hegðun.

#### **Leiðir:**

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að:

hafa sérstakan forvarnafulltrúa sem annast skipulagningu forvarnastarfs skólans.

#### **Forvarnafulltrúi:**

er boðberi forvarna innan skólans. Hann er talsmaður ákveðinna hugmynda gagnvart stjórnendum, starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum.

miðlar upplýsingum til nemenda og aðstandenda þeirra með viðtalstímum, upplýsingabanka og fræðslufundum.

vinnur að stefnumörkun skólans í forvarnarmálum í samráði við aðra starfsmenn gerir forvarnaáætlun fyrir starfstímabil skólans og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar. aðstoðar við samþættingu forvarna við annað skólastarf, t.d. kennslu og félagslíf. hefur inngrip í mál nemenda þar sem íhlutunar er þörf og metur hvert tilfelli fyrir sig. gætir trúnaðar gagnvart skjólstæðingum sínum. starfar með forvarnateymi sem er honum til ráðuneytis. standa fyrir forvarnafræðslu fyrir nemendur, starfsmenn skólans og aðstandendur nemenda. forvarnafulltrúi hefur umsjón, í samvinnu við kennara, með allri fræðslustarfsemi um tóbak, áfengi og önnur vímuefni. Hann kemur á framfæri upplýsingum um niðurstöður rannsókna á stöðu og líðan unglinga, samskipti og fræðslu um fyrirbyggjandi þætti varðandi áhættuhegðun o.fl. fræðslan er fyrir þrjá markhópa; nemendur, starfsmenn skólans og aðstandendur nemenda. allir starfsmenn hljóti menntun og þjálfun í að þekkja einkenni, sem nemendur í vanda bera oft með sér, og viti hvert vísa á slíkum málum. haldin verði reglulega umræða- og fræðslu með og við foreldra um forvarnir skólans á heimasíðu skólans. Viðtalstímar forvarnafulltrúa verða vel kynntir meðal nemenda og foreldra. ýmsir aðilar verði fengnir til að sjá um fræðslu fyrir nemendur. Jafnframt fræðslu um áhættu af neyslu fíkniefna sé lögð áhersla á að kynna aðra valkosti og lífshætti þar sem neysla fíkniefna á ekki við eða er ekki eftirsóknarverð. reyna að koma í veg fyrir eða seinka reykingum, áfengisdrykkju og neyslu annarra fíkniefna.

Unnið verði að því með:

fræðslu um langtímaskaðsemi tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna. með skýrum reglum um umgengni um ávana- og fíkniefni og viðurlögum við brotum á þeim. námskeiðum fyrir þá sem vilja hætta að reykja. framboði og fræðslu um aðra valkosti sem veita upplifun, s.s. áreynslu í íþróttum, ferðamennsku, listiðkun (söng, dans, leiklist), klúbbastarfsemi og jákvætt félagslíf, glímu við gátur og þrautir og önnur viðfangsefni sem stuðla að aukinni lífsnautn og lífsgleði. hvatningu til nemenda til að taka þátt í hjálparstarfi s.s. björgunarsveita eða öðru starfi þar sem nemandinn finnur að hann getur látið gott af sér leiða. stuðningi við hvers konar áhugamál sem gætu aðstoðað einstaklinginn við að lifa innihaldsríku lífi. stuðla að viðburðum á vegum skólans og félagslífi nemenda sem einkennast af heilbrigðum lífsháttum og efla lífsgleði. tómstundastarf og skemmtanalíf án vímuefna verði styrkt í sessi með því að skólinn gangist fyrir sérstökum uppákomum, s.s. danskennslu og vímulausum skemmtikvöldum. Taka þátt í, með húsbónda, og undirbúa vorferð með nemendum. setja skýrar reglur um til hvers sé ætlast af nemandanum varðandi umgengni um ávana- og fíkniefni og hver séu viðurlög við brotlegri hegðun.

Reglur skólans eru:

skólinn er reyklaus. Nemendum og starfsmönnum er óheimilt að reykja eða nota tóbak í húsnæði skólans eða á lóð hans.

neysla áfengis eða annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsnæði skólans. Sé nemandi uppvís að neyslu vímuefna innan skólans er honum skilyrðislaust vikið úr skóla tímabundið eða alfarið. Skólinn mun hlutast til að viðkomandi leiti sér aðstoðar sérfræðinga vegna vanda hans sé slíkt um að ræða að mati stjórnenda. Stjórnendur geta veitt nemandanum rétt til prófþátttöku þrátt fyrir brottvísun úr skóla.



á skólaskemmtunum og ferðalögum í nafni skólans ber nemendum að sýna góða hegðun. Ósæmileg hegðun, svo sem ölvun, getur varðað brottvísun úr skóla eftir eðli máls og vinnureglum.

öllum alvarlegri málum, svo sem sölu, dreifingu eða milligöngu um sölu ólöglegra fíkniefna er umsvifalaust vísað til lögreglu. Skólameistari ákveður hvort nemanda sé vísað úr skóla á meðan rannsókn fer fram.

allar auglýsingar frá vinnuveitingahúsum, „pöbbum“ eða öðrum slíkum stöðum eru bannaðar í húsnæði skólans. Á það bæði við um skólahús og heimavistir.

bannað er að hafa hverskonar umbúðir utan af áfengi á herbergjum heimavista sem og annars staðar í húsnæði skólans.

öllum sem tilheyra skólanum – nemendum, foreldrum/forráðamönnum þeirra sem og starfs-mönnum ber að láta forvarnafulltrúa vita strax ef þeir verða varir við fíkniefnaneyslu eða aðrar sjálfseyðandi gjörðir hjá einhverjum.

skólameistari, í samráði við skólaráð, ákveður hvernig tekið er á brotum á fyrrgreindum reglum skólans. Íhlutun skal vera skýr og samræmd. Að öðru leyti er vísað í heimavistareglur skólans.

gera áætlun um viðbrögð til að aðstoða ungmenni sem eru í áhættuhópi.

stofna stuðningshópa fyrir nemendur í áhættuhópi.

skilgreina tilvísunaraðila innan og utan skólans þegar íhlutunar er þörf og stofna til tengsla við þá, s.s.:

- + námsráðgjafa.
- + almenna heilsugæslu.
- + sálgæslu og áfallahjálp (prests, djákna).
- + sálfræðing.
- + meðferðaraðila.

taka þátt í að samstillta krafta þeirra sem vinna gegn áfengis- og fíkniefnanotkun í umhverfi nemenda sinna.

Forvarnafulltrúi og forvarnateymi séu í beinu sambandi við og fái hugmyndir frá m.a.:

- + fræðslumiðstöð í fíknivörnum, FRÆ.
- + forvarnastarfi á vegum menntamálaráðuneytis.
- + forvarnastarfi á vegum Bláskógabyggðar.
- + forvarnaumræðu á vegum samtaka skólastjórnenda.
- + SÁÁ, samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.
- + lögreglu.
- + kirkju.

Forvarnarstefna þessi skal endurskoðuð árlega.

## **BLÁSKÓGASKÓLI**

Markmið með forvörnum er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum, jákvæðri sjálfsmynd, góðri líðan nemenda og vinna gegn óæskilegri hegðun. Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist að stórum hluta á góðu samstarfi heimils og skóla. Heilbrigði og hollar lífsvenjur eru grundvallaratriði í velferð nemenda. Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi. Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar.

### **Í aðalnámskrá grunnskóla segir:**

Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar forvarnir s.s. gagnvart tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum og annars konar fíkn t.d. net- og spilafíkn.

## **LEIKSKÓLAR BLÁSKÓGABYGGÐAR**

Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna og unglunga að gera.

Með því að bera virðingu fyrir einstaklingnum og taka tillit til þarfa hvers og eins.

Að ala upp jákvæða einstaklinga með sterka sjálfsmynd, efla sjálfræði og sjálfstæði þeirra.

Með því að vera góðar fyrirmyndir og eiga uppbyggilegar samræður við börnin. Jafnframt æfa börnin í því að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Að tryggja snemmtæka íhlutun varðandi þroskafrávik af einhverjum toga, einelti eða slæma félagslega aðstöðu.

Með sí – og endurmenntun kennara og vera vakandi fyrir nýjum leiðum.

Að auka mjöguleika starfsmanna til að sinna samstarfi við foreldra utan vinnutíma.

Með því að efla góð samskipti við heimili barnanna og koma á fjölskyldustefnu í Bláskógabyggð.

## **FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLA BLÁSKÓGABYGGÐAR**

Foreldrafélag Grunnskóla Bláskógabyggðar hefur komið að forvarnarstarfi með fyrirlestrum fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skólans. Félagið býður upp á fyrirlestur einu sinni til tvisvar á ári og er reynt að taka fyrir málefni líðandi stundar. Foreldrafélagið vill stuðla að vellíðan nemenda og jákvæðri sjálfsmynd sem og að vinna að forvörnum í vímuefnamálum með sérstakri áherslu á eldri nemendur sem fara í framhaldsnám að loknum grunnskóla. Foreldrafélagið hefur til þess fengið faglega fyrirlesara með sérþekkingu á sínu sviði. Foreldrar hafa verið hvattir til þess að koma með ábendingar varðandi málefni sem áhugavert er að taka fyrir og koma þannig til móts við raddir samfélagsins.

## **FORELDRAFÉLAG LEIKSKÓLANS ÁLFABORGAR**

Að stuðla að uppbyggjandi og jákvæðum samskiptum milli foreldra og starfsmanna Leikskólans Álfaborgar.

Að styrkja samvinnu og tengingu milli skólans og heimilis.

Að jákvæð og traust umfjöllun og umtal sé milli heimilis og skóla.

## **FORELDRAFÉLAG LEIKSKÓLANS GULLKISTU**

Hlutverk foreldrafélagsins er fyrst og fremst að styrkja tengls foreldra leikskólabarna við leikskólasterfið. Foreldrafélagið sér um grillveislu sem haldin er vor hvert í samstarfi við leikskólann vegna útskriftar elsta árgangs leikskólans. Foreldrafélagið stuðlar að forvarnafræðslu til foreldra og hefur m.a. fengið fyrirlesara inn í leikskólann til að fræða foreldra um leiðir til forvarna.

Foreldrafélagið vill vera sýnilegt og standa við bak leikskólans þegar leikskólinn þarf stuðning vegna erfiðra verkefna.

Foreldrafélagið vill stuðla að slysalausu og heilbrigðu leikumhverfi leikskólabarna. Jafnframt leggur foreldrafélagið ríka áherslu á að bjóða upp á heilbrigða affreygingu yfir vetrartímamann fyrir foreldra og leikskólaborn.

## **SKÁLHOLTSPRESTAKALL – MOLARNIR**

Forvarnarstarf á vegum Skálholtsprestakalls er fyrst og fremst á vettvangi Molanna, æskulýðsfélags kirknanna í Skálholtsprestakalli.

Félagið heldur uppi öflugum starfi og geta allir unglingar sem eru í 8., 9., og 10. bekk grunnskólans tekið þátt í því. Auk þess eru unglingar sem lokið hafa grunnskólanámi velkomnir í félagið.

Sóknir Skálholtsprestakalls, sem eru Skálholts-, Torfastaða-, Bræðratungu-, og Haukadalssókn hafa veitt fé til starfsins auk þess sem Héraðssjóður Suðurprófastsdæmis hefur stutt það með fjárframlögum.

**Markmiðin með starfinu eru:**

Að efla og þroska þá vitund meðal unglínganna að trúin á Guð og samfélagið við hann sé eðlilegur þáttur í daglegu lífi.

Að efla samkennd meðal unglínganna og vitundina um að Jesús kennir okkur að elska hvert annað og hjálpa hvort öðru að takast á við lífið.

Að kenna þeim að kirkjan sé góður vettvangur til að halda uppi uppbyggilegu og skemmtilegu félagsstarfi þar sem gleðin ríkir og allir fá að njóta sín.

### **Leiðirnar að þessum markmiðum eru:**

Haldnir eru fundir með reglulegu millibili (að jafnaði hálfsmánaðarlega) allan veturinn.

Á fundunum er meðal annars farið í skemmtilega hópleiki, horft á kvikmyndir, höfð fræðsla um afmörkuð efni og spjallað saman um heima og geima. Fundunum lýkur síðan með því að allir safnast saman við kertaljós og höfð er helgi- og bænastund.

Tvisvar á ári hefur verið farið á fjölmenn æskulýðsmót þar sem unglíngar frá mörgum æskulýðsfélögum á vegum þjóðkirkjunnar koma saman. Á þessum mótum víkkar sjóndeildarhringur unglínganna og þau kynnast starfi annarra kirkjulegra æskulýðsfélaga og fá þannig nýjar hugmyndir og hvatningu til að efla starfið enn frekar.

Auk þess hefur verið farið í heimsóknir til æskulýðsfélaga á Selfossi og í Reykjavík.

Sú vitund er mjög sterk meðal unglínganna að æskulýðsfélagið Molarnir er þeirra eigið félag, - þeirra eigin vettvangur fyrir það að eiga ánægjulegar og uppbyggilegar stundir saman undir merkjum kirkjunnar. Lögð er áhersla á þeirra eigið frumkvæði í starfinu og að þau sjálf taki þátt í að móta það með leiðtogum sínum og sóknarprestinum.

(Leiðtogar í unglíngastarfinu á vegum Molanna eru Guðjón Andri Reynisson, Ása Laufey Sæmundsdóttir og sóknarpresturinn, sr. Egill Hallgrímsson.)

## **GOLFKLÚBBURINN DALBÚI**

Golfklúbburinn Dalbúi er félag sem starfar á grundvelli stefnu um fjölskylduvænar íþróttir. Félagar koma flestir af höfuðborgarsvæðinu og njóta þess að dvelja í Bláskógabyggð yfir sumartímann í sumarbústöðum sínum ásamt fjölskyldum sínum, og í mörgum tilvikum er öll fjölskyldan að taka þátt í golfíþróttinni. Klúbburinn hefur því í gegnum árin stefnt að því að starfsemin einkennist af fjölskylduvænum starfsanda, enda er starfsemin að mestu rekinn með sjálfböðastarfi þeirra fjölskyldna sem taka þátt í verkefnum klúbbsins hverju sinni.

Golfklúbburinn Dalbúi leggur því mikla áherslu á að stuðla að heilbrigðu lífni á fjölskylduvænan hátt í frábærri náttúru Bláskógabyggðar.

Golfklúbburinn Dalbúi hefur m.a. á stefnuskrá sinni:

Að stuðla að öruggu umhverfi og góðum aðbúnaði í starfi á vegum félagsins.

Að kennarar, leiðbeinendur og aðrir þeir er fylgja börnum og unglíngum eftir á vegum félagsins, séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Að banna notkun hverskonar vímugjafa á æfingum, keppnisferðum og öðrum atburðum sem fram fara á vegum félagsins, þar sem börn og unglíngar eru þátttakendur.

Að kennarar og leiðbeinendur félagsins verði uppfræddir um vímuvarnir og öryggismál.

Að golfklúbburinn setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum í samræmi við stefnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands á þeim sviðum.

Að börnum og unglíngum verði gefinn kostur á að æfa og keppa á jafnréttis grundvelli og að leikgleði og ánægja verði aðal markmið keppni er þau taka þátt í og verði þannig til þess að efla jákvæðni einstaklinganna og styrkja sjálfsmynd þeirra.

Að bjóða upp á keppnir þar sem tekið sé tillit til þarfa þessa aldurshóps.

Golfklúbburinn Dalbúi mun vinna að þessum markmiðum með því að bjóða börnum og unglingum upp á góða æfingaaðstöðu og þjálfun frá hæfum kennurum og leiðbeinendum sem öðlast hafa haldgóða menntun í þjálfun barna og unglunga.

28. desember 2011,

Formaður Unglinganefndar Golfklúbbs Dalbúa  
Hafþór B. Guðmundsson

F.h. Stjórnar Golfklúbbs Dalbúa  
Páll Ólafsson formaður

## **HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS – HEILSUGÆSLAN LAUGARÁSI**

**Þættir í starfi hjúkrunarfræðinga sem stuðla að forvörnum fyrir börn og unglunga í Bláskógabyggð.**

**Ung-og smábarnavernd:** Fylgst er með líkamlegum, vitsmunalegum og félagslegum þroska og heilsu barna til 6 ára aldurs. Stutt er við fjölskyldu barnsins og lögð áhersla á ráðgjöf og fræðslu sem stuðlar að fyrirbyggingu slysa og sjúkdóma. Þannig er stuðlað að því að barninu sé búið besta uppvaxtarskilyrði á hverjum tíma. Við frávík er leitað leiða til þess að barnið og fjölskylda þess fái viðeigandi stuðning og meðferðarúrræði.

**Heilsuvernd skólabarna:** Leitast er við að efla heilbrigði og stuðla að vellíðan skólabarna. Það er gert með skimunum, viðtölum um lífstíl og líðan, bólusetningum og heilbrigðisfræðslu. Einnig er veitt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Heilbrigðisfræðslan í skólanum er framkvæmd í öllum árgöngum og áhersla er lögð á að hvetja til heilbrigðs lífennis. Þar er fjallað um hollt mataræði, hreyfingu, hvíld, hreinlæti, hamingju, hugrekki og kynheilbrigði. Lögð er áhersla á að sniðganga tóbak, áfengi og vímuefni. Markmið heilbrigðisfræðlunnar í skólanum er að styrkja vitund nemendanna um eigin lífstíl og stuðla að bættum lífstíl og heilbrigði.

## **BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU**

Forvarnarstefna Brunavarna Árnessýslu má skipta í tvo hluta, fræðslu til almennings og eldvarnareftirlit.

Markmið forvarnarstefnu er að lágmarka og/eða koma í veg fyrir tjón að völdum elds og mengunar.

Helstu forvarnarverkefni eru:

Samstarf við leik-, grunn- og framhaldsskóla á svæði Brunavarna Árnessýslu.

Heimsóknir í leikskóla vor og haust.

Eldvarnarfræðsla í 3. bekk grunnskóla í samvinnu við Landssamband slökkviliðsmanna.

Móttaka grunn- og leikskólahópa í heimsókn á slökkvistöðvar.

Kennsla og þjálfun í notkun eldvarnarbúnaðar í fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem þess óska.

Rýmingaráætlanir og – æfingar fyrir skóla og aðrar stofnanir sé þess óskað.

Samstarfsverkefni við Eldvarnarbandalagið um átak til að efla eldvarnir á vinnustöðum og heimilum.

Lögbundið eldvarnareftirlit.

## **LÖGREGLAN Á SELFOSSI**

Í störfum sínum leitast lögreglan við að stuðla að auknu öryggi barna og ungmenna.

Hlutverk lögreglu er skilgreint í 1.gr. lögreglulaga nr. 90/1996 en jafnframt er í 2. mgr. 11.gr. sömu laga kveðið á um samvinnu við önnur stjórnvöld eða stofnanir um forvarnir. Þá er, í 18. gr., kveðið á um skyldu lögreglu til að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin.

Lögreglan gerir sér grein fyrir að árangur í forvörnum næst ekki nema með víðtækri samvinnu allra aðila. Mun hún því leitast við að vinna að forvörnum með öðrum stofnunum og/eða félagasamtökum og jafnvel eiga frumkvæði að slíku samstarfi í tengslum við einstök verkefni.

Lögreglan tekur þátt í forvarnarfræðslu barna og ungmenna e.a. í grunn- og framhaldsskólum. Hún sinnir eftirliti með útivistartíma barna og fylgist sérstaklega með hugsanlegri neyslu barna og ungmenna á áfengi og / eða fíkniefnum.

Lögreglan tekur á móti nafnlausum ábendingum um brot, þ.m.t. neyslu og dreifingu fíkniefna í síma 800-5005 eða í tölvupósti á [info@rls.is](mailto:info@rls.is)

Lögreglumenn við eftirlit munu á ferðum sínum gefa sig á tal við börn og ungmenni og skapa þannig tengsl við hópa og einstaklinga.

Forvarnarstefna þessi var samþykkt af byggðaráði Bláskógabyggðar 28. júlí 2017.